

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 07. desember 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (afnám banns við klámi). Þingskjal 33 – 33. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ellen Calmon,
framkvæmdastýra

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (afnám banns við klámi).

Barnaheill þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn við ofangreint mál.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru mótfallin því að frumvarpið verði að lögum.

Að mati samtakanna er ekki gagnlegt að afnema bann við klámi öðruvísi en að gera aðrar ráðstafanir til að takmarka aðgengi barna að klámi í lögum. Skynsamlegra er að breyta ákvæðinu með þeim hætti að það samræmist nútíma aðferðum við að miðla efni.

Jafnframt þarf að breyta ákvæðinu með því að skilgreina hvaða háttsemi teljist vera klám og mikilvægt er að klámi sé skipt í viðeigandi flokka eftir skaðamörkum, þ.e. skaðleysi eða skaðsemi. Benda má á umfjöllun Maríu Rúnar Bjarnadóttur um mörkin á milli kynlífs og kláms, svo og flokkun eftir grófleika kláms, í greinargerð sem hún vann fyrir Stýrihóp um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi.¹

Vissulega hefur 210. gr. í almennum hegningarlögum lítið sem ekki verið beitt á undanförunum árum en hins vegar telja Barnaheill mikilvægt að áfram verði kveðið á um almennt bann við dreifingu kláms í almennum hegningarlögum til varnar því að dreifing á íslenskum miðlum verði leyfileg og auki með því enn frekar aðgengi barna að klámi. Lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum og lög um fjölmiðla hafa jú ákvæði sem banna miðlun kláms til barna og liggur við því refsing ef brotið er gegn þeim, en þau eru veik ein og sér ef ekki liggur refsing við því í almennum hegningarlögum að framleiða, birta og dreifa klámefni á netinu.

Samkvæmt rannsóknum byrja drengir að meðaltali 11 ára að skoða klám² og um 11% drengja í 8. bekk horfa á klám daglega.³ Klámahorf barna hefur margvíslegar neikvæðar afleiðingar, svo sem á hugmyndir þeirra um kynlíf og ýtir undir óheilbrigð kynferðisleg samskipti.⁴

Á meðan tæknin býður ekki enn upp á að aðgengi barna að klámi verði takmarkað, svo sem með einhvers konar kröfum um auðkenni, þá þarf löggjafinn að halda almennu banni við framleiðslu og dreifingu á klámi í hegningarlögum. Hagsmunir barna af því að vera hlífð við berskjöldun gagnvart klámefni og skaðsemi þess hljóta að veita þyngra en frelsi fullorðinna til að framleiða klám.

Barnaheill leggast því með öllu gegn frumvarpinu.
(Framhald á næstu síðu).

¹ [Kynferðisleg Friðhelgi MRB.pdf \(stjornarradid.is\)](#), sjá kafla „Kynlíf er ekki klám“ á bls. 88.

² <https://stigamot.is/allir-krakkar-og-klamvaedingin-1/>

³ [Klám og "sexting" - Ungt fólk - YouTube](#) – Fyrirlestur Margrétar Lilju Guðmundsdóttur hjá Rannsóknum og greiningu og Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur, verkefnisstjóra Jafnréttisskóla Reykjavíkur. Sjá einnig: [BN Hluti 4 - Klám copy \(fjolmidlanefnd.is\)](#)

⁴ [Klám og "sexting" - Ungt fólk - YouTube](#).

Að síðustu vilja Barnaheill hvetja til þess að orðið „Barnaklám“ verði með öllu aflagt í umfjöllun um kynferðisofbeldi gegn börnum á neti, en orðið er notað í greinargerð með frumvarpi því sem rætt er um, og hvetja þingheim og stjórnvöld til að kynna sér leiðbeinandi viðmið um orðræðu⁵ (terminology) sem gefin voru út árið 2016 af vinnuhópi margra alþjóðasamtaka sem vinna að mannréttindum barna, þar á meðal Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna. Í þessum viðmiðum er mjög góð umfjöllun um skilgreiningar og orðnotkun þegar kemur að kynferðisofbeldi gegn börnum, þar á meðal á netinu, m.a. um orðið barnaklám og þar er mælt til þess að hætt verði að nota orðið og notað skuli í staðinn hugtakið kynferðisofbeldi gegn börnum eða barnaníð.

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna og leggja áherslu á vernd barna gegn ofbeldi, með sérstakri áherslu á vernd gegn kynferðisofbeldi. Barnaheill reka Ábendingalínu þar sem hægt er að tilkynna um ólöglegt efni á neti sem varðar börn.



⁵ [Terminology Guidelines for the Protection of Children from Sexual Exploitation and Sexual Abuse \(ohchr.org\)](http://ohchr.org).

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 33 — 33. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (afnám banns við klámi).

BDSM á Íslandi
3. janúar 2023

Við í félaginu BDSM á Íslandi fögnum því að loksins standi til að afnema lög um bann við birtingu og dreifingu á klámi úr íslenskum lagabálki. Félagið BDSM á Íslandi er hagsmunafélag BDSM-fólks og meðal hlutverka okkar er að vera málsvari þess á opinberum vettvangi. Okkar félagar hafa mörg hver glímt við djúpa sjálfsskömm vegna eigin kennda og langana. Skömm sem verður til við það að alast upp í samfélagi sem lokar augunum fyrir fjölbreytileika mannlegrar kynverundar og rígheldur í úrelt viðhorf um kynferðisleg samskipti, til dæmis forneskjulegar hugmyndir um kynferðislegan “hreinleika” kvenna, upphafningu hjónabands eins karls og einnar konu umfram öll önnur kynferðisleg sambandsform, og ýmsar kreddur um hvað sé og hvað sé ekki “eðlilegt” kynlíf. BDSM-hneigðir eru aldrei ræddar nema á neikvæðan hátt eða í háði og þegar verið er að ræða klám og skaðleg áhrif þess eru kynferðisathafnir okkar gjarnan taldar upp af sem dæmi um svokallað ofbeldisklám. Það fylgir aldrei sögunni að til sé fólk sem hafi virkilega unun af þessum athöfnum og að mögulega sé umrætt myndefni því ekki að sýna ofbeldi, heldur samþykkt skynjunarleiki.

Við tökum undir þann rökstuðning sem fram kemur í frumvarpinu varðandi nauðsyn þess að fella lögin úr gildi. Núgildandi lög eru að okkar mati algjörlega gagnslaus og í raun skaðleg, frekar en hitt, þar sem þau ýta undir jaðarsetningu kynlífsverkfólks og takmarka möguleika þeirra til þess að afla sér lífsviðurværis á öruggan og löglegan hátt. Það hlýtur auk þess að teljast ótækt að ætla sér að banna eitthvað mannlegt athæfi án þess að það sé skilmerkilega skilgreint og afmarkað en slík er einmitt raunin í núgildandi lögum, þar sem engin nothæf skilgreining er sett fram. Þar sem skilgreiningin á því hvað falli undir þessi lög er algjörlega huglæg, setur það kynfræðara í þá stöðu að vera hugsanlega gerð brotleg við þau með því einu að dreifa fræðsluefni. Það má einnig benda á að netsíur sem ætlað er að sía út klám, flokka almennt allt BDSM-fræðsluefni sem klám. Ef stuðst er við þá skilgreiningu eru BDSM-fræðendur gerð brotleg við þessi lög og þar með verið að útiloka virkilega mikilvæga fræðslu um samþykki og mörk.

Í frumvarpinu er aðeins stiklað á því hvernig nágrannalönd okkar hafa tekist á við lagasetningu varðandi klám og skilgreiningar þar að lútandi. Það er góðra gjalda vert en við viljum þó vara við því að falla í sömu gryfju og norski löggjafinn, sem skilgreinir klám sem “kynferðislegt efni sem er misbjóðandi, sýnir manneskju í niðurlægjandi ljósi eða er ofbeldisfullt” og gerir birtingu eða dreifingu á slíku efni refsiverða. Slík áferðarflokkun á kynferðisathöfnum er sem fyrr algjörlega huglæg og því er þessi skilgreining ónothæf. Það hefur sýnt sig að BDSM-klám er oft notað sem dæmi um slíkt “ofbeldisklám” og alveg horft framhjá því hvort að það komi fram að samþykki hafi legið fyrir og öll hlutaðeigandi hafi notið þess sem fram fór. Flokkun af þessu tagi er því

gagnslaus, ýtir undir neikvæðar staðalímyndir um BDSM og er gríðarlega jaðarsetjandi fyrir BDSM-fólk.

Allt myndefni sem sýnir kynferðislegar athafnir fólks og virðist (samkvæmt huglægu mati þess sem á horfir) vera sett fram í þeim tilgangi að kveikja á eða kynda undir kynferðislegri löngun, getur kallast klám. Við sem samfélag höfum almennt viðurkennt að kynferðislegar langanir séu eðlilegar og að það sé ekki rangt eða á einhvern hátt fyrirlitlegt að stunda kynlíf sér til ánægju. Lög sem banna fólk að birta eða dreyfa myndefni af kynlífi, jafnvel eigin kynlífi, hljóta því að vera tímaskekkja. Klám er ekki neikvætt fyrirbæri í eðli sínu. Það er ýmist tilraun til að festa kynlíf á filmu eða myndgera einhverja kynlífsóra fólks, óra sem geta verið eins misjafnir og við erum mörg. Klám sem er framleitt í þeim tilgangi að vera gróðavænleg söluvara er oftast mikið til skáldskapur og fantasía en ekki raunsönn endurspeglun á raunveruleikanum.

Núgildandi lög voru samin á þeim tíma þar sem klámefni var prentað á pappír og var ætlað að ná yfir dreifingu á slíku efni. Í nútímasamfélagi getur hver sem er nálgast klámefni á einfaldan hátt og því er sjaldnast dreift í pappírformi. Þessi lög hafa því afar takmarkað gildi ef nýta ætti þau til að takast á við dreifingu kláms á netinu, sem væri auk þess slagur við vindmyllur. Slíkt er illmögulegt nema með því að takmarka verulega allt aðgengi að veraldarvefnum, sem væri þá um leið óásættanleg aðför að upplýsingafrelsi. Greitt aðgengi verður til þess að börn og unglingar hafa oft möguleika á að nálgast klám áður en þau hafa þekkingu til að setja það í raunhæft samhengi og það getur því skekkst væntingar þeirra og viðhorf til kynlífs. Besta mót efnið við skaðsemi kláms er því öflug kynfræðsla á öllum skólastigum. Fræðsla um það hvernig við setjum mörk og virðum mörk, hvernig við lærum á eigin líkama, hvernig við tölum um kynlíf og kynlífsóra við annað fólk og hvernig við prófum okkur áfram. Ef við kunnum þetta, þá er klám bara klám.

Nú hafa komið fram athugasemdir um að það sé varasamt að afnema bannið, gjarnan með þeim rökum að það verði að hafa einhver lög um klám til að sporna við ýmsum samfélagsmeinum sem tengjast því, til að mynda barnaklámi og mansali. Það eru nú þegar lög í landinu sem banna fólk alfarið að beita börn ofbeldi eða gera þau útsett fyrir kynferðislegum athöfnum, sem og lög um frelsissviptingar og hverskyns nauðungarvinnu. Myndefni sem sýnir slík lögbrot er orðið eitthvað annað og alvarlegra en klám og þar með er hægt að fella framleiðslu og birtingu á slíku undir önnur, betur afmarkaðri lög.

Punktur varðandi frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum (afnám banns við klámi)

- Klám er hvergi skilgreint í lögum og þess vegna háð túlkun og geðþótta – tíðaranda – hvað sé skilgreint sem klám og hvað ekki. Þessi skilgreiningarvandi er ekki bara lagalegur, heldur fræðilegur, líkt og eini fræðimaðurinn sem hefur kerfisbundið unnið rannsóknir á klámi og sögu þess hér á landi, sagnfræðingurinn Kristín Svava Tómasdóttir, hefur undirstrikað í bók sinni *Stund klámsins: Klám á Íslandi á tímum kynlífsbyltingar* (Reykjavík: Sögufélag, 2018). Engin ein skilgreining er til á klámi og þær sem lagðar hafa verið fram hafa undantekningalítið byggst á pólitískri og/eða mórálískri afstöðu gagnvart viðfangsefninu, en ekki hlutlægri túlkun. Ljóst má vera að jafn heftandi löggjöf og blátt bann við (óskilgreindu) klámi, hvort heldur sem er framleiðsla eða sölu á slíku efni, getur ekki byggt á svo óskýrri afmörkun. Dómafordæmi eru of fá til að hægt sé að reiða sig á þau, enda túlkun á klámi háð tíðaranda. Þannig eru þau fáu dómafordæmi sem til eru hér á landi sárafá og ekki í neinu samræmi við nútíma skilning manna á hvað teljist klámfengið eða ekki.
-
- Löggjöf sem er svo óskýr sem núverandi bann við klámi getur þess vegna, og hefur í gegnum tíðina, verið notað ýmist af stjórnvöldum eða af kæruglöðum og hneykslunargjörnum samborgurum til þess að ritskoða list, menningu, túlkun og tjáningu sem öðrum í samfélaginu þykir ýmist sjálfsögð eða í mesta lagi ögrandi. Sem dæmi má nefna ákæru (og dóm) árið 1972 yfir tveimur mönnum sem framleitt höfðu svokölluð “stjórnumerkljaplaköt” sem sýndu tólf skuggamyndir af fólki í ólíkum samræðisstellingum og seld voru í tiskuversluninni Karnabæ og víðar í Reykjavík. Annað dæmi er kvikmyndin *Veldi tilfinninganna* (Jap. *Ai no korida*) eftir japanska kvikmyndaleikstjórann Nagisa Oshima sem var tekin af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík árið 1978 eftir að kvartað var undan fyrirhuguðum sýningum hennar og fulltrúar yfirvalda þrýstu á framkvæmdastjórn Listahátíðar að taka myndina af dagskrá, en leikstjóri myndarinnar var einn af brautryðjendum japönsku nýbylgjunnar í kvikmyndagerð og þótti (og þykir enn) framsækinn en þó vissulega ögrandi listamaður á sviði kvikmyndalistar. Þriðja dæmið er atriði Spaugstofunnar frá árinu 1996 þar sem persónan Kristján Ólafsson treður sér inn í smokk og skríður inn í stórt líkan af kynfærum konu. Spaugstofan var ákærð fyrir að framleiða og sýna klámfengið efni en kærán var felld niður.

- Þó klám eigi sér enga almenna skilgreiningu þá er algengt að skilgreina það með vísun í að það feli í sér ofbeldi og sé með þeim hætti aðgreinanlegt frá öðru kynferðislegu efni sem sé þá skilgreint sem erótík; hið “vonda” (klám) er þannig aðgreint frá hinu “góða” eða a.m.k. leyfilega. En þessi mörk eru á engan hátt skýr. Fyrir það fyrsta er ofbeldi líka vítt hugtak sem erfitt er að njörva niður. Það er ekki alltaf sýnilegt og það sem virðist við fyrstu sýn fela í sér ofbeldi er það ekki endilega. Íþróttin box er nærtækt dæmi. Þar keppa menn í því að lemja hvorn annan með því markmiði að ná rothöggi. Báðir eru þó að fullu samþykkir bardaganum og gangast sjálfviljugir til hans, hafa þjálfað sig lengi til að standa sig sem best og leggja rækt við þessa íþrótt sem sitt helsta áhugamál eða jafnvel sem atvinnu. BDSM kynlíf felur einnig í sér upplýst samþykki allra aðila en virðist þó utan frá séð fela í sér misbeitingu af einhverju tagi. En það er ekki ofbeldi frekar en íþróttin box. Hvort er þá bersögult kynferðislegt efni sem greinir frá BDSM athöfnum klám eða erótík? Í þessu samhengi er vert að minnast þess að eitt af fáum dómsmálum sem átt hefur sér stað á Íslandi þar sem einstaklingur var sakfelldur fyrir dreifingu kláms var fyrir birtingu sögu sem lýsti “sadómasókísku kynlífi, bindingum og hýðingum með samþykki þátttakenda”, eins og segir í *Stund klámsins* (bls. 172). Þar kemur einnig skýrt fram að svona “kynferðislegt óeðli” er spyrrt saman við “kynvillu” sem hið vonða og óæskilega sem bann við klámi eigi að uppræta. Það eru því söguleg fordæmi fyrir því hér á landi að bann við klámi hafi kerfisbundið verið notað til að mismuna gegn hinsegin fólki og kynvitund þess. Sé lagalegur grundvöllur áfram til staðar er ekkert því til fyrirstöðu að íhaldssöm eða fordómafull öfl í samfélaginu geri það á ný.

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr.19/1940 (afnám banns við klámi), 33.mál
Femínistafélag Háskóla Íslands 6.des 2022**

Íslensk lög um klám hafa staðið að mestu leyti óbreytt í meira en 150 ár en viðhorf og umræða um kynhneigð, kynfrelsi og kynlíf hafa breyst.

Við fögnum þessu skrefi sem frumvarpið tekur í átt að umbótum og vonum að þetta sé skref að nútímalegri og nákvæmari lögum um núverandi samfélag.

Þessi hegningarlög ættu að snúast um að vernda samfélagið í heild en ekki að lítillækka fólk sem starfar innan kynlífsiðnaðarins. Breytingar eins og þetta frumvarp vinnur að er nauðsynlegt til að senda skýr skilaboð um að uppfæra þurfi reglurnar til að aðlagast nútímasamfélagi.

Það sem þessi gömlu lög og þeirra orðalag gera er að brengla viðhorf almennings til kynlífs, kynfrelsis og kynverundar.

Þar sem refsheimild í 210 gr.a nær utan um öll þau tilvik meðferðar barnakláms er ekki ástæða til þess að halda lögnum í heild sinni líkt og frumvarpið bendir á.

Engin aukin hættu er fyrir börn þó þessi hluti lagana verði felldur úr gildi. Þetta bann við klámi mun ekki stöðva neyslu heldur eingöngu glæpavæða kynfrelsi.

Þar sem eingöngu er verið að tala um efni sem skaðar ekki aðra eða þjóðfélagið í heild, heldur lög sem voru á sínum tíma talin nauðsynleg, en er í

nútímasamfélagi tímaskekkja, þarf að endurskoða þau með gagnrýnum augum.

Það er fáránlegt að verið sé að glæpavæða háttsemi eins og Onlyfans (sem frumvarpið minnst á) þar sem fólk birtir með samþykki sínu efni af sér sjálfum.

Greinin er einnig úrelt að því leyti að klám í nútíma skilningi er ekki afhent á þann hátt sem orðalagið bendir til í gömlu lögnum, en það er miðað við þann raunveruleika sem var til staðar 1940, þegar lögini voru sett.

Okkur finnst að frekar ætti nefndin að beina athygli sinni að leggja fram skýrari og strangar reglur um hefndarklám og dreifingu efnis án samþykkis og þolendum þess og afleiðingum.

Mikilvægt er að hafa lög og reglur um þetta málefni en það þarf að standast kröfur nútímasamfélags. Okkur í Femínistafélagi Háskóla Íslands finnst ekki raunsætt að halda þessum úreltu reglum en viljum á sama tíma leggja áherslu á mikilvægi skýrara laga sem eru í takt við nútímann, og breytingarnar sem orðið hafa á seinustu 150 árum. Nauðsynlegt er að vernda börn og raunveruleg fórnarlömb en ekki gera fólk innan klámiðnaðarins að glæpafólki eða annars flokks borgurum. Því erum við ánægð með að tillagan taki fram að haldið sé í þau

lög sem eru nú þegar til staðar um börn. Ekki ætti að vera refsivert að sjálfráða einstaklingar taki ákvörðun sjálfir um dreifingu á efni af sjálfu sér.

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (afnám banns við klámi)

Re: Umsögn – Þingskjal – 33 – 33. mál

Undirritaður styður frumvarpið sem felur í sér að refsheimild 210. gr. almennra hegningarlaga vegna birtingar kláms á prenti, innflutningi þess í útbreiðsluskyni, sölu, útbýtingar eða annars konar dreifingar þess verði felld út.

Rökstuðningur:

Hvar refsheimildir eiga heima og hvar ekki verður sífellt að vera til endurskoðunar. Þrátt fyrir að hegðun geti verið siðferðislega ámælisverð er ekki þar með sagt að refsheimild eigi að vera til staðar eða geti dregið úr athæfinu sem sporna á við. Almennt hefur þróunin verið í þá átt eins og lýst er í greinargerðinni með frumvarpinu að refsa fyrir brot sem valda öðrum einstaklingum beinum skaða eða miska. Hegðun þar sem fullorðnir einstaklingar taka þátt í sjálfviljugir með upplýstu samþykki eigi ekki að vera refsiverð.

Varðandi klám er skilgreiningin á háttseminni líka á reiki. Mörkin eru breytileg eftir stað og stund og eftir ólíkum hópum og einstaklingum. Frægur er hæstaréttardómur í BNA frá 1946 þegar einn dómariinn viðurkenndi að erfitt sé að skilgreina nákvæmlega hvað sé klám en bætti við „ég veit það þegar ég sé það“. Í reynd hafa dómstólar vestra, og líklegast líka hér heima, fylgt þessari vísu skilgreiningu og haft í huga hvað þeir telja innan velsæmismarka hverju sinni. Einn lögspekingur íslenskur sagðist aðspurður fyrir margt löngu að klám væri bæði loðið og teygjanlegt hugtak og má án vafa til sanns vegar færa.

Löggjöf af þessu tagi opnar óhjákvæmilega fyrir geðþótta einstakra dómstóla og dómara og það sem kallast í afbrotufræðinni „brotamaðurinn valinn“ (e. *selective enforcement*). Hópar eða einstaklingar sem samfélaginu eða hópum innan þess er í nöp við einhverra hluta vegna eru teknir fyrir og dæmdir fyrir refsiverða háttsemi meðan aðrir eru látnir í friði. Ákvæði um bann við jafn óljósri háttsemi og klámi er sérstök hætta búin til að vera beitt með þessum hætti.

Er klám skaðlegt? Rannsóknir sýna að klámfengið efni getur haft örvandi áhrif á bæði konur og karla. Hvort áhrifin eru skaðleg eða ekki er meira álitamál. Sumir telja að klám ýti undir kynferðisglæpi á meðan aðrir telja klám einfaldlega geta veitt kynferðislega útrás. Niðurstöður opinberra rannsóknarnefnda í BNA hafa ekki getað sýnt fram á orsakatengsl milli kláms og kynferðisglæpa enda kannski ekki hægt. Aftur á móti getur klámfengið efni verið notað af kynferðisbrotamönnum til að réttlæta brot sín án þess að hægt sé að skella skuldinni á efni af því tagi.

Kemur klám í veg fyrir jafnrétti kynjanna? Klám hvorki kemur í veg fyrir jafnrétti kynjanna né getur klám stuðlað að því. Klám er einfaldlega efni sem sumir sækjast eftir og aðrir ekki. Og á öld tölvunnar og samskiptamiðla er djarft efni af ýmsu tagi víða aðgengilegt og mörk hins siðlega æ óljósari. Þótt klámmarkaðurinn virðist meira ætlaður körlum en öðrum kynjum og rannsóknir sýni að fleiri karlar nýti sér efni af því tagi hefur það ákaflega lítið með jafnrétti kynjanna að gera.

Rannsóknir mínar í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sýna að talsvert margir Íslendingar heimsækja klámfengnar síður á netinu. Í síðustu mælingu fyrir á þessu ári sagðist til að mynda um fjórðungur aðspurðra 18 ára og eldri hafa heimsótt klámfengnar síður á netinu síðustu þrjá mánuði fyrir mælinguna. Tæplega 40% karla og 11% kvenna. Langmest yngri

svarendur eða 56% allra 29 ára og yngri en hlutfallið minnkaði síðan með hækkandi aldri. Það er því deginum ljósara að Íslendingar ná sér í klámfengið efni hvort sem það er bannað eða ekki. Hvort efnið er framleitt á Íslandi eða ekki er óljóst en það skiptir í raun ekki máli á gervihnattaöld þar sem mörk ríkja hafa nánast þurrkast út.

Í ljósi framangreindra vandkvæða á að skilgreina hvað sé klám er jafnframt ljóst að nánast ómögulegt er að banna slíkt efni með öllu. Hvar erótík endar og klám byrjar verður alltaf matsatriði. Í aðalatriðum eiga fullorðnir einstaklingar (börn vitaskuld undanskilin enda ekki sjálfráða) að hafa rétt á að taka þátt í og fá að sjá, heyra og lesa hvaða efni sem þeir kjósa í krafti tjáningarfrelsisins sem er grundvöllurinn í stjórnskipan okkar.

Samfélagið getur síðan auðveldlega veitt leiðbeinandi reglur hvar og hvernig þessi réttur er nýttur en blátt bann á klámi lýsir eingöngu óskhyggju þeirra sem telja að hægt sé að útrýma öllu „óæskilegu og óþægilegu“ í heiminum með einföldum lagasetningum stjórnvalda. Fræðsla um kynhegðan og samskipti kynjanna er aftur á móti afar brýn ekki síst meðal ungs fólks sem er að móta sjálfsmynd sína í heimi sem er sífelldum breytingum undirorðinn.

Helgi Gunnlaugsson,

Prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands

Oddi við Sæmundargötu

102 Reykjavík

Netfang: helgigun@hi.is

Sími: 525-4504

Reykjavík 09. desember 2022

Umsögn um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (afnám banns við klámi).

Undirrituð fagnar því að þingmenn sjái ástæðu til að breyta gömlum og að einhverju leyti úreltum lögum um klám en þó alls ekki á þann hátt sem í breytingatillögunni er lögð fram. Stjórnvöld eru hér hvött til að hafna því að frumvarpið verði að lögum.

Það er sannarlega rétt að síðan lögin voru sett hefur margt breyst varðandi viðhorf til kynlífs og margt til hins betra. Það er þó ekki síður rétt að síðan lögin komu hefur aðgengi að klámi á netinu einnig orðið hömlulaust og birtist það m.a. óumbeðið víða þar sem börn og ungmenni eru á netinu. Það eru engar hindranir eða annað sem aðgreinir það efni sem sumir kalla vanilluklám eða erótík og það efni sem inniheldur ofbeldi, niðurlægingu, barnanið og kynferðisofbeldi.

Margar stærstu klámsíðurnar bjóða almenningi að hlaða niður heimagerðum myndböndum og hafa birt þau án athugasemda þrátt fyrir að ítrekað hafi verið bent á að þar leyndist gríðarlegt magn af kynferðisofbeldi, mansali og barnanið. Í desember 2020 stöðvuðu bæði Vísa og Mastercard greiðslur vegna auglýsinga og hótuðu að slíta samstarfi við Mindgeek sem á nokkrar stærstu klámsíður heims nema áður nefnd myndskleið yrðu fjarlægð af síðum þeirra. Niðurstaða þess máls var að fyrirtækið fjarlægði um 10 milljónir myndskleiða. Í þeirri viku sem þetta átti sér stað fækkaði þeim myndskleiðum sem í boði voru á stærstu klámsíðunni, Pornhub t.d. úr 13,5 milljónum í 2,9 milljónir myndskleiða.¹ Í því frelsi sem þarna var gefið til að framleiða og dreifa eigin efni leyndist því langstærsti hluti efnisins ólöglegur og afar skaðlegur.

Því er haldið fram í frumvarpinu að birting og dreifing kláms hafi ekki skaðleg áhrif en þá er vert að íhuga hvaða merkingu þingmenn leggja í orðið skaðlegt. Því niðurstöður margra erlendra rannsókna benda til þess að óheft aðgengi að klámi hafi neikvæð áhrif á kynsvörun, sérstaklega ungra karla, á parsambönd og á viðhorf til kvenna og kvenréttinda.²

¹ <https://www.pcmag.com/news/pornhub-purges-10-million-videos-after-losing-credit-card-support>

² <https://www.yourbrainonporn.com/research/>

Stjórnvöld eru því hvött til að byrja á því að setja fjármagn í framkvæmd sambærilegra rannsókna á Íslandi og rýna í niðurstöður þeirra áður en farið er í það að afnema bann við framleiðslu og dreifingu á klámi.

Það er dapurlegt að sjá í frumvarpinu vantrú þingmanna á að hægt sé að vernda börn gegn aðgengi að klámi. Undirrituð hefur setið fundi sem fulltrúi Íslands í hópnum Age Verification³ með öðrum fulltrúum víða að úr heiminum sem hafa það að markmiði að hvetja stjórnvöld til að hindra aðgengi barna undir 18 ára að klámi. Í nokkrum löndum er vinnan komin vel á veg og verið er að skoða hvaða rafrænu hindranir hægt er að grípa til í þeim tilgangi að vernda börn gegn skaðlegum áhrifum kláms, enda telja fulltrúar landanna allra klám skaðlegt börnum og jafn mikilvægt að setja aldurstakmark á það eins og t.d. tóbak og áfengi.

Undirrituð hvetur stjórnvöld til að:

- setja fram skýrar skilgreiningar á því hvað telst vera erótík og hvað klám
- setja fjármagn í að rannsaka víðtæk áhrif kláms
- setja fjármagn í stuðning við þolendur klámiðnaðarins
- festa alhliða kynfræðslu í sessi í skólakerfinu
- leita leiða til að hindra óheft aðgengi barna að klámi
- hafna frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (afnám banns við klámi)

Virðingarfyllst

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

Verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur

³ <https://rewardfoundation.org/age-verification/>

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (afnám banns við klámi), 153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 33 — 33. mál.



*Hallveigarstaðir, Reykjavík
6. desember 2022*

Kvenréttindafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (afnám banns við klámi). Með þessu frumvarpi er lagt til að felld verði út refsheimild 210. gr. almennra hegningarlaga vegna birtingar kláms á prenti, innflutnings þess í útbreiðsluskyni, sölu, útbýtingar eða annars konar dreifingar þess.

Kvenréttindafélag Íslands er ósammála því að öll refsheimild er tengist klámi verði afnumin og hvetur stjórnvöld því til þess að hafna þessu frumvarpi í heild sinni. Rannsóknir hafa sýnt fram á hvernig kynferðisleg áreitni og misnotkun byggð á klámi getur tengst vændi og mansali. Rannsókn Farley o.fl. (2003) sem gerð var í 9 löndum sýndi að um 95% brotþola vændis upplifðu kynferðislega áreitni í vændinu. Niðurstöðurnar sýndu einnig að 47% brotþola vændis greindu frá vanlíðan yfir því að einhverjir reyndu að fá þau til að gera hluti sem gerðir eru í klámi og 49% nefndu að einhverjir hefðu framleitt klámefni af þeim í vændinu (Farley o.fl., 2003). Þá kom einnig fram í rannsókn Stígamóta frá 2022 að helmingur ofbeldismanna sem hafði milligöngu um vændi beitti brotþolann einnig nauðgun og rúmlega 20% beittu þau kynferðislegri áreitni eða einhverskonar misnotkun sem tengdist klámi.

Áður en farið er í breytingar á lögum um bann við klámi þarf að framkvæma rannsóknir og fara í greiningarvinnu til þess að tryggja sé öryggi bæði þeirra sem verða þolendur innan klámiðnaðarins og þeirra sem verða fyrir ofbeldi tengdu klámáhorfi. Stígamót skilgreina afleiðingar kynferðisofbeldis sem tengist klámi svipuðum og afleiðingum annars kynferðisofbeldis; skömm, sektarkennd, þunglyndi, kvíði og brotin sjálfsmynd. Þá má einnig minnst á að meðalaldur íslenskra stráka þegar þeir horfa á klám í fyrsta skipti eru 11 ára og rannsókn ríkislögreglustjóra sem sýnir að íslenskir unglingsstrákar horfa mest á klám í samanburði við jafnaldra þeirra í Evrópu, og sjáum við stafrænt kynferðisofbeldi gegn börnum aukast í samræmi við það. Tölfræði Stígamóta sýnir að gerendur kynferðisofbeldis eru fyrst og fremst ungir menn. Ennfremur endurspeglar frásagnir brotþola áþreifanlega áhrif kláms. Kynferðisofbeldi er ekki náttúruleg mál heldur lærð hegðun og rannsóknir sýna að þar geti klámáhorf spilað stórt hlutverk og haft mikil áhrif á t.a.m. viðhorf til kynlífs, upplifunar á kynlífi, kynverund áhorfandans og viðhorfs til kvenna.

Kvenréttindafélag Íslands er sammála því að uppfæra þurfi löggjöfina, sérstaklega með tilliti til þeirra sem útbúa og dreifa efni af sjálfum sér, eins og t.d. á OnlyFans eins og frumvarpið minnst á. Þá væri hægt að fara sömu leið og löggjöfin sér vændi; það er að ólöglegt sé að

dreifa, kaupa eða taka upp efni af líkama annarra, en að það sé ekki refsivert að deila efni af sjálfum sér.

Kvenréttindafélag Íslands ítrekar einnig að nauðsynlegt sé að styrkja löginn gegn barnaníðsefni með því að flytja ákvæði þess efnis svo að falli inn í kafla hegningarlaganna sem tekur á ofbeldi gegn börnum. Sem stendur eru ákvæði um barnaníð sett sem undir ákvæði greinar 210 sem kveður á um bann við framleiðslu, innflutningi, birtingu og dreifingu á klámi. Ákvæði myndefnis sem sýnir kynferðislega misnotkun á barni eða sýnir barn á kynferðislegan hátt teljum við ekki eiga heima undir þeirri grein, heldur frekar í þeim kafla hegningarlaganna sem tekur á kynferðisbrotum gegn börnum, greinum 200–204.

Kvenréttindafélag Íslands hvetur stjórnvöld til þess að hafna þessu frumvarpi og setja fjármagn bæði í rannsóknir og greiningarvinnu á klámi, sem og til þess að styðja við þolendur klámiðnaðarins.



Rut Einarsdóttir

Framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2022.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (afnám banns við klámi), þskj. 33, 33. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Skrifstofan er andvíg frumvarpinu af eftirfarandi ástæðum:

1. Klám er í raun ekki annað en myndað vændi og að vera myndaður í kynferðislegum athöfnum við klámframleiðslu er kynferðisofbeldi á sama hátt og vændi. Afleiðingar kynferðisofbeldis sem tengist klámi eru alvarlegar og svipaðar og afleiðingar annars kynferðisofbeldis; skömm, sektarkennd, þunglyndi, kvíði og brotin sjálfsmynd. Það eru oft sömu konurnar sem eru í klámiðnaðinum og vændisiðnaðinum, það eru engin skýr mörk þar á milli. Konur sem komast hafa út úr vændis- og klámiðnaði hafa lýst því sem einni af erfiðustu afleiðingum sem þær fáist við sé tilhugsunin um aðgengilegt klámefni af þeim sem nálgast megi á netinu. Hjálagt er hlekkur á niðurstöður rannsóknar Stígamóta um brotþola vændis en niðurstöður hennar eru mjög á sama veg og niðurstöður rannsókna um vændi á alþjóðavísu.¹
2. Langstærstur hluti þess kláms sem nú er framleitt og dreift sýnir konur á niðurlægjandi og lítilsvirðandi hátt auk þess að sýna beinlínis líkamlegt ofbeldi gegn þeim. Orðræðan tengd klámi er einnig niðurlægjandi fyrir konur, leitast er við að afmennska og hlutgera þær, sýna þær sem viljalaus verkfæri sem fara má með og lítilsvirða að vild. Fer það því gegn jafnréttissjónarmiðum, en rauði þráðurinn í gegnum alla alþjóðlega mannréttindalöggjöf hvort sem það er Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum eða aðrir alþjóðlegir mannréttindasáttmálar, að allir skuli njóta jafnræðis meðal annars óháð kyni.
3. Margt ungt fólk fær brenglaða mynd af kynlífi í gegnum klám. Til Stígamóta hafa leitað ótal ungmenni, einkum stúlkur, sem tekið hafa þátt í ýmsum kynlífsathöfnum sem tíðkast í klámmyndum en fara yfir öll þeirra mörk og afleiðingar þess eru langvinnar og skaðlegar.

¹ <https://stigamot.is/ny-rannsokn-um-brotathola-vaendis/>



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Að lokum bendir MRSÍ á heimasíðu Stígamóta en þar er að finna ýmiss konar fróðleik um skaðsemi kláms og áhrif þess á skjólstæðinga þeirra.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
frankvæmdastjóri



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2022

**Efni: Umsögn Stígamóta um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (afnám banns við klámi),
153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 33 — 33. mál.**

Stígamót taka undir það að kominn sé tími til að endurskoða löggjöfina um klám enda nær hún illa utan um þann stafræna veruleika sem við búum við í dag. Hins vegar eru Stígamót alfarið á móti því að bann við klámi verði afnumið – heldur þurfi einmitt að horfast í augu við það að klám er í raun stór ógn við lýðheilsu og jafnrétti og grípa til viðeigandi aðgerða.

Viðhorf til kynlífs hafa breyst á 150 árum – í átt að auknu kynfrelsi, þá sérstaklega kvenna. Klám er hins vegar ógn við kynfrelsi allra. Klám leyfir bransa sem verslar með manneskjur að búa til handrit að kynlífi einstaklinga – handrit sem inniheldur ofbeldi, niðurlægingu, kvenfyrirlitningu, kynþóttafordóma og valdniðslu.

Hvað er klám?

Mikilvægt er að löggjöfin skilgreini vel hvað klám er og notast Stígamót við þá skilgreiningu að klám sé kynferðislegt myndað efni sem inniheldur niðurlægingu og/eða ofbeldi. Það er þá til aðgreiningar frá erótísku efni sem er kynferðislegt myndað efni sem ekki er ofbeldisfullt eða niðurlægjandi á neinn hátt. Við leggjum til að notast verði við þessa sömu skilgreiningu á klámi í löggjöf þar að lútandi.

Staðreyndin er hins vegar sú að á stóru klámveitunum á netinu er megnið af efninu sem þar er í boði ofbeldisfullt og niðurlægjandi. Rannsóknir hafa sýnt að um 90% klámsena sýna ofbeldi á borð við að flengja, slá og að troða lim ofan í kok þar til manneskja kúgast¹. Auðfundið klám á netinu, sem öllum er aðgengilegt, inniheldur einnig oft kyrkingar, niðurlægjandi orð og svo framvegis. Oftast er um að ræða ofbeldi gegn konum og það sem verra er, er að konurnar sýna yfirleitt ekki viðbrögð við ofbeldinu eða virðast njóta þess.

¹ Bridges o.fl.(2010) <https://journals.sagepub.com/doi/epdf/10.1177/1077801210382866>

Aðgengi að klámi

Aðgengi að klámi hefur aukist gífurlega. Í gegnum netið og snjalltæki er ofbeldisfullt klám aðeins einum smelli í burtu og skiptir þá engu hvort tækið er í höndum fullorðinnar manneskju eða barns. Svo mikið er til af klámi á netinu að einföldustu leitarorð geta kallað fram klámsenur. Börn leita ekki aðeins að klámi heldur leitar klámið börnin uppi og poppar upp á ólíklegustu stöðum. Sumt klám er jafnvel sett fram í formi teiknimynda, tölvuleikja eða annars efnis sem lítur út fyrir að vera fyrir börn.

Íslenskar rannsóknir sýna að 48% stráka í 8.-10. bekk horfa á klám 1x í viku eða oftar. Þegar komið er í framhaldsskóla horfa um 65% stráka í hverri viku². Áhorfið er mjög kynjað og stúlkur horfa langtum minna. Eina íslenska rannsóknin á meðalaldri við fyrsta klámáhorf gefur til kynna að það sé þegar börn eru rúmlega 11 ára³. Þessi rannsókn er þó frá 2006 áður en snjallsímar voru fundnir upp. Stikkprufa á Instagram reikningnum *Fávitar* frá árinu 2020 þar sem um 500 manns svöruðu gefur til kynna að stór hópur barna séu á aldrinum 6-9 ára þegar þau sjá klám í fyrsta sinn.

Rannsóknir sýna að því yngri sem börn eru við fyrsta klámáhorf, því meiri líkur eru á vanlíðan þeirra. Börn eru sjaldnast búin undir sín fyrstu kynni af klámi. Klámefni sem ungt barn hrasar um getur því verið ógnvekjandi og ruglingslegt. Þau sem leita klámið uppi í von um að sjá nakta líkama og kynlíf, geta hæglega lent á grófu ofbeldi í staðinn. Það er skylda okkar sem samfélags að vernda börn gegn þessari ógn með öllum tiltækum ráðum.

Skaðleg áhrif kláms á einstaklinga

Klám er kynörvandi efni og oftast notað í þeim tilgangi. Við klámáhorf verður oförvun á litlu svæði í tilfinningaheilanum og mikil dópamínframleiðsla á sér stað sem veldur spennu og vellíðan í líkamanum. Á sama tíma minnkar tengingin við þann hluta heilans sem stýrir skynsemi og rökhugsun. Til að fá sömu vellíðan á nýjan leik þarf oft enn meiri örvun fyrir tilfinningaheilann sem oftast fæst með því að skoða ýktara og grófara efni. Kannski er það þess vegna sem svo mikið af klámefni er ofbeldisfullt – af því að erótískt efni svarar ekki lengur þörfum neytendanna. Þetta veldur tvíþættum vanda. Í fyrsta lagi verður þetta til þess að neytendur kláms ánetjast klámáhorfi en lítið hefur verið rætt um og brugðist við þeim vanda hér á landi. Í öðru lagi verður þetta til þess að neytendur kláms örvast ekki við „venjulegt“ kynlíf með annarri manneskju þar sem heili þeirra hefur verið þjáfaður til að svara annarri kynörvun. Þetta veldur risvandamálum auk þess sem þetta getur að sjálfsögðu valdið gríðarlegum vanda t.a.m. í parsamböndum og aukið líkur á kynferðisofbeldi.

Það þarf vart að taka fram að því yngri sem börn og unglingar eru þegar þau hefja reglulegt klámáhorf, eins og raunin er á Íslandi í dag, þá aukast líkur á því að það hafi skaðleg og langvarandi áhrif á heilastarfsemi þeirra.

Skaðleg áhrif á samskipti, sambönd og kynlíf

Á Stígamótum sjáum við glögglega áhrif kláms í viðtölum okkar við brotáþola kynferðisofbeldis. Mjög gjarnan heyrum við frá ungum brotáþolum lýsingar á kynferðisofbeldi sem hefði allt getað verið sena af einhverri meginstraums klámveitunni á netinu.

Öll eigum við skilið að nálgast kynlíf á jákvæðan, skemmtilegan og öruggan hátt á okkar eigin forsendum. Klámframleiðendur eiga ekki að hafa það vald að kenna okkur eða börnunum okkar til hvers er ætlast af okkur sem kynverur. Klám getur hæglega stuðlað að ranghugmyndum um kynlíf og

² Rannsóknir og greining 2013 og 2018

³ Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006

samskipti, og þannig ógnað kynheilbrigði. Hvert ungmenni ætti að búa við frelsi til að þróast sem kynvera, óháð viðmiðum klámefnis sem framleitt er sem söluvara en ekki kynfræðsla.

Ótal rannsóknir hafa sýnt að fólk sem horfir mikið á klám á erfitt með nánd í sambandi og fær minna út úr kynlífi með maka sínum – þetta á bæði við fullorðið fólk og unglinga. Enda er lítið sýnt af nánd, hlýju og samtali í klámi. Það mætti því að segja að það sé mýta að klám kryddi parsambönd fólks – heldur einmitt veldur það því að fólk færist fjær hvort öðru og getur jafnvel valdið sér og öðrum skaða.

Það er vel hægt að ímynda sér að einhver sem hefur horft á klám í hverri viku í kannski 3-4 ár áður en kynlíf er stundað í fyrsta sinn með annarri manneskju sé búinn að yfirfæra hugmyndir úr klámi yfir á kynlíf. Ýmislegt gefur til kynna að klámið hafi áhrif á „kynlífshandrit“ unglinga, s.s. væntingar þeirra og viðhorf til kynlífs og bólfélaga sinna. Rannsóknir gefa til kynna að strákar sem horfa mikið á klám byrji fyrr að stunda kynlíf og fantaseri um að gera það sem þeir hafa séð í kláminu og séu jafnframt líklegri til að hafa prófað ofbeldisfullt kynlíf⁴. Íslenskar rannsóknir hafa einnig sýnt að klám hefur áhrif á hvaða væntingar ungmenni gera til síns sjálfra og annarra þegar kemur að kynlífi sem og að þau reyni að standast þessar væntingar⁵. Þá kom einnig fram í viðtölum við saksóknara að aukin klámvæðing í íslensku samfélagi og klámneysla ungra einstaklinga geri það að verkum að mörkin milli kynlífs og kynferðisofbeldis séu mjög óskýr⁶.

Skaðleg áhrif kláms á jafnrétti og kvenfrelsi

Klámiðnaðurinn veltir milljörðum á ári hverju og í Bandaríkjunum eru klámsíður á internetinu með fleiri heimsóknir en Twitter, Instagram, Netflix, Pinterest og LinkedIn samanlagt⁷. Iðnaðurinn hins vegar þrífst á ofbeldi gegn konum og börnum. Síðustu tvö árin höfum við séð ítrekaðar afhjúpanir á því að á einni stærstu klámveitu internetsins væri að finna gríðarlegt magn af mynduðu kynferðisofbeldi gegn bæði fullorðnum og börnum⁸. Það er engin leið til að stýra klámveitum á þann hátt að svona efni finnist ekki þarna. Jafnframt þekkjum við á Stígamótum og systursamtök okkar víðsvegar um heiminn þann skaða sem það veldur brotapolum kláms að hafa „leikið“ í klámi. Fólk sem kemur til okkar vegna starfa í klám- og vændisiðnaðinum er að fást við alvarlegustu afleiðingar kynferðisofbeldis á borð við sjálfsvígshugsanir, sjálfskaða og áfallastreitu. Þá er klámframleiðsla ein af helstu orsökum mansals og engin leið fyrir „upplýstan klámneytanda“ að sneiða hjá efni sem er búið til með misnotkun fólks⁹.

Iðnaður sem þrífst svo kyrrlega á undirskipan og jaðarsetningu fólks – hvort sem það er vegna kyns, uppruna, vímefnafíknar, fátæktar o.s.frv. verður alltaf til þess að festa í sessi þessa þjóðfélagsskipan í

⁴ Donevan og Mattebo (2017) <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S187757561630101X>
Bridges o.fl. (2016) <https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/2374623816668275>

⁵ Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Þórður Kristinsson og Þorgerður Einarsdóttir (2019)
<https://ojs.hi.is/netla/article/view/2964>

⁶ <https://www.pressreader.com/iceland/frettabladid/20150115/281625303688384>

⁷ <https://fightthenewdrug.org/why-todays-internet-porn-is-unlike-anything-the-world-has-ever-seen/>

⁸ <https://www.nytimes.com/2020/12/04/opinion/sunday/pornhub-rape-trafficking.html>

⁹ <https://fightthenewdrug.org/how-porn-can-fuel-sex-trafficking/>

stað þess að uppræta hana. Ef við viljum sannarlega auka kynfrelsi og kvenfrelsi þá er leiðin ekki sú að leggja blessun sína yfir iðnað sem byggir á misrétti, rasisma, ableisma og annarri mannvönsku.

Stafrænt vændi

Skilin á milli kláms og vændis hafa alltaf verið óljós og hjá okkur á Stígamótum lítum við á þetta sem svipuð fyrirbæri. Með internetinu verða skilin enn óljósari og nú höfum við ýmsar veitur þar sem fólk getur boðið kynferðislegt efni í skiptum fyrir greiðslu til einstaklinga. Þetta er ekki alveg nýtt og við höfum fengið til okkar fólk á Stígamót sem hefur reynslu úr t.d. vefmyndavélaþjónustu í yfir áratug. Umræðan um þessar veitur skaut upp á yfirborðið í fyrra með tilkomu OnlyFans og nefna flutningsmenn frumvarpsins það sérstaklega í greinargerð sinni. Stígamót eru sammála því að núverandi löggjöf er ekki heppileg vegna þess að þau sem selja efni í gegnum miðilinn eru í raun að brjóta lög. Við leggjum til að skoðað verði hvort núverandi vændislöggjöf geti náð utan um þennan hóp eða að hún verði útvíkuð til að ná utan um stafrænt vændi.

Það er mikilvægt að fólk sem selur kynlíf/vændi/klám fái vernd í lögum enda er það fólk sem yfirleitt er í þröngri stöðu og gerir þetta gjarnan í neyð – hvort sem það er vegna fátæktar, vímuefnafíknar eða áfallasögu svo eitthvað sé nefnt. Eins og við höfum lært í viðtölum við þolendur sem leitað hafa á Stígamót vegna stafræns vændis þá eru valdahlutföllin þar þau sömu og í hefðbundnu vændi þrátt fyrir að kaupandi og seljandi hittist ekki í persónu. Kaupandinn er eftir sem áður með peningana og völdin og seljandinn í erfiðri stöðu til að setja mörk og standa við þau. Þá er alveg ljóst að sala á svona efni er oft undanfari hefðbundins vændis eins og systursamtök okkar í Svíþjóð sýndu fram á í nýlegri rannsókn¹⁰. Það væri eðlilegt að banna kaup á klámi og stafrænu vændi á sama hátt og íslensk lög banna kaup á vændi.

Klám er risa lýðheilsuvandi

Við stöndum núna í miðri ánni þar sem við höfum leyft ofbeldisfullu klámi á internetinu að fá nánast óheftan aðgang að börnum og unglungum á Íslandi. Lítið hefur verið gert til að stemma stigu við klámahorfi og styðja foreldra til að auka öryggi barna sinna sem og að taka samtalið við þau. Þá hafa kennarar fengið litla þjálfun eða rými til að kenna nemendum sínum um þessa ógn sem að þeim steðjar og bjóða jákvætt mótvægi. Þetta er það sem Alþingi ætti að vera ræða en ekki hvort lyfta eigi öllum refsíákvæðum af klámi. Stígamót kalla eftir því að sett verði fjármagn í að rannsaka betur áhrif kláms á íslensk ungmenni og í þróun námsefnis um klám. Þá ítreka Stígamót þá afstöðu sína að kynjafræði sem inniheldur fræðslu um kynlíf, klám, ofbeldi og samskipti verði hluti af aðalnámskrá og þannig verði öllum börnum á Íslandi tryggð þessi nauðsynlega menntun. Þá vekja Stígamót athygli á því að í janúar munu samtökin gefa út samtalsleiðbeiningar fyrir foreldra til að ræða við börn sín og unglunga um klám og verður samhliða því kynningarátak. Áframhaldandi skilnings- og skeytingarleysi á áhrifum kláms verður einungis til þess að fleiri einstaklingar munu skaða sig og aðra með klámahorfi. Tökum alvarlega á þessum vanda og grípum til aðgerða sem ýta undir kynfrelsi, jafnrétti og velferð barna, unglunga og fullorðinna.

¹⁰ <https://prostitutionresearch.com/new-study-on-pornography-production-and-harms-in-sweden/>